

Grandagarður 2 - auglýsing

USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>

Thu 4/4/2024 8:38 AM

To:Íbúaráð Vesturbær <ibuarad.vesturbaer@reykjavik.is>;Vesturbæjarlaug <vesturbæjarlaug@reykjavik.is>;veitur@veitur.is <veitur@veitur.is>

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grandagarður 2, birtist í Morgunblaðinu í dag þ.e. fimmtudaginn 4. apríl 2024. Tillagan er í kynningu frá 4. apríl 2024 til og með 23. maí 2024. Gögn er hægt að skoða á síðunni, www.skipulagsgatt.is

Grandagarður 2

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 6. mars 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 14. mars 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Slippa- og Ellingsenreits vegna lóðarinnar nr. 2 við Grandagarð. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að stækka kjallara undir byggingum og verður Innkeyrsla í kjallara færð af opnu svæði milli Alliance reits og Mýrargötu 26 inn undir nýbygginu við Rastargötu, salarhæð götuhæðar í stærri nýbyggingum lækki, nýbygging næst Mýrargötu megi hýsa hótél, heimilt verði að tengja nýbyggingar saman á annarri og þriðju hæð með glerjuðum tengigangi og verður skilgreindur byggingarreitur fyrir þann tengigang og að ákvæði um að fundarsalir eða önnur stoðrymi fyrir atvinnustarfsemi á efri hæðum sé óheimil verði fellt út samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppráttum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **4. apríl 2024 til og með 23. maí 2024**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum þessa gátt eigi síðar en 23. maí 2024. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.**



**Með kveðju,
Þuríður María Guðmundsdóttir**

skrifstofufulltrúi

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.